




Fornleifakönnun

vegna deiliskipulags í landi Vatnsenda í Kópavogi



Bjarni F. Einarsson
2007

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 48 í Kópavogi. Teikn. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Kópavog
Nóvember 2007


Inngangur

Að beiðni skipulagsstjóra Kópavogs kannaði Fornleifafræðistofan svæði í landi Vatnsenda í Kópavogi vegna deiliskipulags á svæðinu (mynd 1). Svæðið var upphaflega kannað í tengslum við vinnu við aðalskipulag og fornleifar skáðar í maí 2000. Var það kannað á vettvangi á ný þann 26. nóvember síðastliðinn. Ekki komu fleiri fornleifar í ljós en áður var vitað um (Bjarni F. Einarsson 2000).

Utan við hið kannaða svæði er vitað um fornleifar.

Skipuleggjandi svæðisins er Sveinn Rúnar Traustason, en verkkaupi Kópavogsbær.

Einnig var undirritaður beðinn um að gefa álit að nýrri tillögu bæjarskipulags á helgunarsvæði fornleifa nr. 48, beitarhúsi.



Mynd 1. Svæðið sem skoðað var vegna deiliskipulags í Vatnsendahlíð í Kópavogi. Teikning: Kópavogsbær. Á myndina vantar staðsetningu vörðu nr. 50, en hún er trúlega á mörkum svæðisins norðaustur af beitarhúsunum. Beitarhúsið er mjög sunnarlega á svæðinu (rauður kassi).

Skráningin

Á hinum könnuðu svæðum eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. Þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa. Ákveðin regla hefur komist á að hafa helgunarsvæðið 20 m eða þar um bil.

Á hinu kannaða svæði (mynd 1) voru tvær fornleifar þekktar og engin bættist við endurskoðun nú. Fornleifar þessar voru taldar hafa lítið og talsvert minjagildi. Við endurskoðun breyttist þetta mat ekki. Aftur á móti hefur verið bætt við nýjum flokki sem kallast „varðveislugildi“. Í báðum þessum flokkum eru nú gefnar einkunnir frá 0 – 10. Varðveislugildi fornleifanna var lítið annarsvegar og talsvert hinsvegar. Einkunn þeirra í báðum flokkum er 2 og 6,5.

Fornleifarnar voru og eru í ágætu ástandi.

Hættumatið er óbreytt, en bæst hefur við matið „tímabundin hættu“. Er hún talin mikil ef skipulagið gengur eftir eins og það er kynnt nú (ekki er þetta þó víst varðandi fornleifar nr. 50, en staðsetning þeirra er ekki sýnd á tillögu að deiliskipulaginu).

Báðar fornleifarnar voru GPS mældar á ný með meiri nákvæmni en áður og viðmiðunin var nú Ísnet 93, en ekki WGS 84. Því ætti að vera auðvelt að staðsetja vörðuna og meta hvort hún sé í hættu eða ekki.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Niðurstaða

Á skipulagssvæðinu eru tvær fornleifar sem eru taldar í mikilli hættu með tilliti til skipulagsins eins og það er nú kynnt (með fyrirvara um vörðuna nr. 50). Fornleifarnar eru varða annarsvegar og beitarhús hinsvegar. Í landi Kópavogs eru einungis tvö beitarhús skráð og er þetta hús sennilega eldra en hitt, sem er númer 47 og er skammt hjá. Beitarhús eru ekki ýkja gömul fyrirbæri, trúlega ekki eldri en frá miðri 19. öld. Beitarhúsið sem um ræðir gæti verið frá upphafi þess tímabils og því mikilvægur fulltrúi slíkra húsa sem áttu sér frekar skamma tilvist í búskaparsögu landsins.

Varðan nr. 50 gæti verið landmælingavarða, en það er hrein ágiskun.

Sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Tillaga Bæjarskipulags, álit

Samkvæmt tillögu Bæjarskipulagsins munu lóðirnar liggja um 4 – 5 m frá ystu sýnilegu mörkum beitarhússins nr. 48. Slík fjarlægð gerir það að verkum að beitarhúsið mun verður í mikilli hættu. Í fyrsta lagi á meðan á jarðraski stendur (tímabundin hættu) og í öðru lagi sökum álags vegna ábúðar í næsta nágrenni fornleifanna (viðvarandi hættu). Á svæðinu má reikna með börnum að leik og líklegri garðvinnu vegna hugsanlegra framkvæmda og/eða breytinga á görðum í framtíðinni. Slíkur ágangur raskar minjum verulega þó hægt fari (á næstu öldum). Grjót færast auðveldlega úr stað, holur myndast og stækka og svæðið gæti orðið að moldarflagi. Dæmi um slíka röskun eru nokkur frá Reykjavík og nágrenni.

Af þessum sökum er stungið upp á því að beitarhúsið verði teiknað í mælikvarðanum 1:40 svo eiginlegt útlit þess muni varðveitast fyrir framtíðina. Einnig væri heppilegt að kanna til hlítar hvort rústin hvíli ofan á eldri minjum, eins og beitarhús gera svo oft. Finnist ekki eldri minjar undir má líta á þessar aðgerðir sem endanlega mótvægisáðgerð vegna hinnar fyrirhuguðu ábúðar. Verði þetta niðurstaðan og engar eldri minjar finnast undir rústinni er vel hægt að hugsa sér lóðir sunnan við rústina. Þessa spurningu þarf að bera undir Fornleifavernd ríkisins sem ákvarðar hvort að þetta sé viðunandi niðurstaða eða ekki.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskrá Kópavogs. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Þjóðminjalög nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Fornleifaskrá

Fornleifaskrá

Aðalnr.

48

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Kópavogur

Tákntala

1000

Hverfi

Landareign

Vatnsendi

Nr

-

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.05.2000

GPS Staðsetning

E 362118 N 399340

N

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

148

Skekkja

5

Teqund minja

Beitarhús

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Kóp 07

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Tímab. hættumat

Byggingar

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6,5

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6,5

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Á lágum hól í brekku, ca. 300 m SSV af Skógræktargirðingu. Í móa. Um 100 m austur af malarvegi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Beitarhús.

10 x 14 m (N - S).

Veggir úr grjóti, 1 - 1,8 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.

Þrjú hólfr eru á rústinni (A - C) og eru dyr á þeim öllum til austurs.


Í hólfi C er garður eftir því endilöngu og áberandi stór og ferhyrndur steinn fyrir endanum.

Garðlög eru víða greinileg, en rústin er farin að falla talsvert. Kampsteinar all áberandi.

Gólf rústarinnar eru vel gróin og nánasta umhverfi einnig. Þar fyrir utan er talsverður uppblástur.

Um 60 m vestan við rústina, neðar í brekkunni, er slóði sem gæti verið gamall. Hann var ekki skráður.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Minjarnar voru endurskoðaðar þann 26. nóvember 2007. Ástandið var óbreytt. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna við framkvæmdir þarf að leita leyfis fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

49

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Kópavogur

Tákntala

1000

Hverfi

Landareign

Vatnsendi

Nr

-

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.05.2000

GPS Staðsetning

N 64°04.04 W 021°48.03

Viðmiðun

M.y.s.

-

Skekkja

<10

Teqund minja

Varða (landamerki?)

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Ca. 200 m suður af jeppaslóða og 37 m suður af girðingu. Efst á hrygg, við klettabrún (Hjallabrún) á eða við landamerki.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða (landamerki?).

Óregluleg niðri við jörð, 1,5 - 2 m stór og 0,6 m há. Hlaðin upp í spíss (keilu) og úr stórgrýti. Botn vörðunnar er mosavaxinn og varðan er fallin að hluta.

Teikningarmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir